



Desember fréttablað 2018

Dagur íslenskrar tungu

Þann 16. nóvember komu nemendur 6. bekkjar, ásamt kennurum sínum, og lásu fyrir börnin. Þau lásu í 3-4 manna hópum og voru búin að velja bækur miðað við aldur barnanna. Þau komu vel æfð og áhugasöm og skiluðu verkinu með mikilli þrýði. Þökkum við þeim kærlega fyrir komuna.

Leiksýning

Þann 23. nóvember kom Þórdís Arnljótsdóttir með leiksýninguna Grýla og jólasveinarnir, öll börnin komu saman í salnum til þess að horfa á sýninguna. Þórdís fór í hin ýmsu hlutverk og náði að fanga athygli allra barnanna sama á hvaða aldri þau eru. Eldri börnin tóku virkan þátt með því að syngja með á meðan yngri börnin sátu og horfðu áhugasöm á. Þórdís hafði sérstaklega orð á því hversu góðir áhorfendur börnin voru, virk að svara og dugleg að hlusta. Jólasýning sem þessi er árlegur viðburður hjá okkur og í boði foreldrafélagsins, þökkum við kærlega fyrir okkur.

Félagsstarf eldri borgara

Í nóvember komu Ása og Alda frá Félagi eldri borgara og lásu fyrir börnin á Álfaheimum, börnin hafa alltaf jafn gaman af því að taka á móti gestum, takk fyrir komuna.

Gjöf frá Kvenfélagi Þorlákshafnar

Við fengum heimsókn frá Kvenfélagi Þorlákshafnar en það voru þær Svava og Fjóla sem komu og færðu leikskólanum veglega peningagjöf í tilefni af opnun eftir endurbætur á elsta hluta leikskólans. Verður gjöfinni varið til kaupa á leikföngum fyrir yngstu börnin sem jafnframt eru í þessum nýju deildum sem opnaðar voru.

Tónlistarskólinn

Huldu- og Álfaheimar fóru í heimsókn í tónlistarskólann og hittu Stefán trommukennara, Ísar og Kjartan Ægi. Þeir spiluðu allir fyrir börnin á trommur og Stefán sagði börnunum frá ýmiskonar slagverki. Takk fyrir að bjóða okkur í heimsókn.

Jólasveinn

Eins og einhverjir foreldrar hafa orðið varir við þá eru 1-2 jólasveinar á hverri deild sem fara heim með börnunum og foreldrar skrifa ferðasöguna í þar til gerða bók. Sagan/sögurnar eru lesnar fyrir börnin. Þetta er skemmtileg tenging milli heimilis og leikskóla.

Jólaball

Jólaballið verður haldið 12. desember og eru foreldrar velkomnir að koma en viljum við hvetja foreldra til þess að taka þátt í að dansa í kringum jólatréð með börnum sínum. Ballið verður í Ráðhúsi Ölfus og byrjar kl. 15. Nemendur úr tónlistarskólanum sjá um tónlistarflutning en undanfarin ár hefur verið sett saman jólasveina hljómsveit sem skipuð er meðlimum skólalúðrasveitarinnar og hafa notið aðstoðar söngvara úr grunnskólanum. Óskað er eftir hjálpi frá tveimur foreldrum að vera „í rauðum fötum“ á ballinu. Þeir sem hafa tök á því tali við leikskólastjóra eða sendi póst á dagny@olfus.is

Könnun

Undanfarin ár hefur fjöldi barna síðustu daga fyrir jóla og á milli jóla og nýárs ekki verið mikill. Höfum við því miður þurft að henda mat sem ekki geymist lengi s.s. grænmeti, ávöxtum og mjólkurvörum. Þar sem unnið hefur verið að því undanfarin 2 ár að draga úr matarsóun munum við gera könnun á mætingu barnanna. Þann 13. desember fá foreldrar miða heim þar sem þeir eru beðnir um að merkja við hvernig barnið mætir þessa daga. Blaðinu þarf svo að skila til deildar næsta dag eða 14. desember. Skráningin er þó alls ekki bindandi en er til viðmiðunar í innkaupum á viðkvæmum matvælum.

Vikan 2.des.-8.des.

6. des. íþróttir allir muna eftir þægilegum fatnaði.

7. des. söngstund og **rauður** litadagur, allir koma í einhverju **rauðu** eða með eitthvað **rautt**

Vikan 9. des.-15. des.

12. des. jólaball í Ráðhúsinu kl. 15.

13. des. íþróttir allir muna eftir þægilegum fatnaði.

14. des. rugldagur

Vikan 16. des.-22. des.

18. des. er áætluð kirkjuferð ef veður leyfir.

21. des. söngstund.

Vikan 23.-des.- 29. Des.

24. des. aðfangadagur leikskólinn er lokaður.

25. des. jóladagur leikskólinn er lokaður.

26. des. annar í jólum leikskólinn er lokaður.

Með aðventukveðju
Elsa aðstoðarleikskólastjóri

